

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík.

Akureyri 20. feb. 2006

**Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, 436. mál, opinber hlutafélög.**


Með bréfi dags. 10. febrúar 2006 óskaði nefndin eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarpið. Eftirfarandi er umsögn stofunnar:

Markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 er að viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Starfsfólki Jafnréttisstofu er það mikil ánægja að leitað sé til stofunnar um umsögn á þessum málaflokki, enda er nauðsynlegt að flétta sjónarhorn kynjajafnréttis inn í alla ákvarðanatöku.

Líkt og kemur m.a. fram í skýrslu Tækifærisnefndar iðnaðar- og viðskiptaráðherra um aukinn hlut kvenna í yfirstjórnun fyrirtækja, er hlutur kvenna hér á landi mjög rýr. Í 500 stærstu fyrirtækjum Norðurlandanna eru hlutur kvenna 16,5%. Í einstökum löndum er staðan eftirfarandi: Hlutur kvenna í stjórnnum fyrirtækja í Noregi er 22%, Svíþjóð 19%, Finnlandi 13%, Danmörku 12% og á Íslandi eru 11% stjórnarmeðlima konur. Norðmenn hafa gengið lengst í sértækum aðgerðum á þessu sviði og hafa þeir einnig náð bestum árangri af Norðurlöndunum. Jafnréttisstofa fagnar því að farið sé í að endurskoða löggjöf um hlutafélög með það að markmiði að auka hlut kvenna í stjórnnum fyrirtækja. Stofan vill þó taka fram að hún telur ólíklegt að ákvæði í 2. gr. þar sem að stendur að „Við kjör í stjórn opinbers hlutafélags skal gæta sérstaklega að lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla“ leiði til verulegrar fjölgunar kvenna í stjórnnum fyrirtækja.

Að mati Jafnréttisstofu eru önnur ákvæði í frumvarpinu ekki andstæð markmiðum laga nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Virðingarfyllst,

  
Margrét María Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri